

## Innihald

1. Hlutverk og markmið lestrarstefnunnar .....	3
2. Grunnstoðir læsis.....	3
2.1. Hlustun.....	3
2.2. Tal.....	3
2.3. Lestur .....	4
2.3.1. Tæknilegur þáttur lesturs.....	4
2.3.2. Lesskilningur.....	4
2.4. Ritun.....	5
3. Stefna/leiðir Austurbæjarskóla í læsiskennslu.....	5
3.1 Lesfímiviðmið .....	6
3.2 Lestrarmenning.....	7
3.3 Heimalestur – ábyrgð og hlutverk forráðamanna .....	7
3.3.1 Heimanám nemenda með annað móðurmál en íslensku.....	8
3.4 Áherslur eftir árgöngum.....	9
3.4.1 PALS.....	9
3.4.2 Yndislestur.....	9
<b>4. Lestrartengd verkefni.....</b>	<b>9</b>
4.1. Læsishvetjandi umhverfi .....	10
4.2. Skólabókasafn .....	10
4.2.1 Drekkaklúbbur .....	11
4.2.2 Lestrarhátíð í október .....	11
4.2.3 Nestislesning .....	11
4.2.4 Norræna bókasafnsvikan .....	11
4.2.5 Bókaverðlaun barnanna.....	12
4.2.6 Ævarsátak.....	12
4.2.7 Ibbý-sagan að vori.....	12
4.2.8 Sögustundir í 1. bekk.....	12
4.2.9 Þjóðsögugormabók í 2. bekk.....	13
4.2.10 Bókagerð í 3. bekk.....	13
4.2.11 Skólabók í 4. bekk .....	13
4.2.12 Safnkynning á Borgarbókasafni : 4. bekkir.....	13
4.2.13 Bókmenntaverkefni í 5. bekk .....	13
4.2.14 Bókkaklúbbur í 7. bekk.....	13

4.2.15 Fyrirlestur fyrir 8. bekk um mikilvægi lesturs.....	14
4.2.16 Lestrarviðtöl í unglingadeild.....	14
4.2.17 Öskudagur .....	14
4.2.18 Upplestur og bókasjall rithöfunda .....	14
4.3. Litla upplestrarkeppnin .....	14
4.4. Stóra upplestrarkeppnin .....	15
5. Stefnumörkun fyrir 1. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	15
5.1 Stefnumörkun fyrir 2. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	17
5.2 Stefnumörkun fyrir 3. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	18
5.3 Stefnumörkun fyrir 4. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	19
5.4 Stefnumörkun fyrir 5. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	21
5.5 Stefnumörkun fyrir 6. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	22
5.4 Stefnumörkun fyrir 7. bekk: Markmið – leiðir - námsmat. ....	23
Árangursmælingar; markmið og viðmið .....	24
5.4 Skilgreiningar og viðmið um árangur .....	25
5.4.1. Lesferill.....	25
5.4.2. Stafakönnun .....	25
5.4.3. Aston Index réttitunarpróf .....	25
5.4.4. LOGOS .....	26
5.4.5. Orðarún.....	26
6. Viðbrögð við niðurstöðum skimunarprófa .....	28
6.2. Viðbrögð.....	29
6.3. Grunur um lesblindu (dyslexíu).....	31

## 1. Hlutverk og markmið lestrarstefnunnar

Lestrarstefnu skólans er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi áætlun fyrir starfsfólk skólans og foreldra. Hún stuðlar að samfelli í lestrarnáminu og gefur starfsfólki og foreldrum skýra sýn á hvert er stefnt og hvaða leiðir á að fara. Foreldrar þurfa að vera vel upplýstir um þær aðferðir sem notaðar eru við kennslu læsis í skólanum. Það auðveldar þeim að styðja við barn sitt og hvetja það áfram.

Með lestrarstefnunni er leitast við að samræma og skýra mat á árangri nemenda, veita virka eftirfylgni og stuðla þannig að jöfnum rétti allra nemenda til árangurs í lestrarnáminu.

## 2. Grunnstoðir læsis

Sú menntastefna sem birtist í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla er reist á sex grunnþáttum menntunar og er læsi í víðum skilningi einn lykilþátturinn þar. Þar er fjallað um læsi sem lykil að því að nemendur geti byggt upp þekkingu sína og hæfileika og verið virkir og gagnrýnir meðlimir í lýðræðissamfélagi.

Læsi er virkt og víðtækt námsferli sem felur í sér færni sem lýtur að öðrum þáttum tungumálsins en lestri, þ.e. hlustun, tali og ritun. Hugtakið vísar til samþættingar á þessum helstu birtingarmyndum málsins og því mikilvægt að huga að öllum þáttunum og samvirkni þeirra í allri kennslu. Markmið með lestrarkennslu er að nemandinn öðlist þá færni sem hann þarfnast til að lesa, skilja og njóta innihalds texta og læra af honum. Til að geta þetta þarf nemandinn að hafa almenna færni í málskilningi og þekkja hratt og nákvæmlega ritað orð. Meiri líkur eru á því að ná góðum árangri í lestri hjá börnum sem hafa mikinn orðaforða og ríkulegt mál. Þannig er sá fjöldi orða sem barn er fært um að nota og skilja nokkurs konar lykill að árangri þess í lestri þegar þar að kemur. Leiðum sem nota má í skólastarfi til að efla læsi nemenda hefur fjölgað og nemendur hafa aðgang að ýmis konar tækni til að nota í samskiptum og námi. Það dregur þó ekki úr mikilvægi lestrar og ritunar í hefðbundnum skilningi. Það skiptir því enn sem fyrr miklu máli að börn öðlist færni í lestri og ritun. Þættir læsis á öllum stigum grunnskólans þurfa að fá aukið vægi og hafa forgang í skólastarfinu.

### 2.1. Hlustun

Hlustun er eitt grundvallaratriði í máltöku barna og grundvöllur fyrir samskiptum milli manna. Til að barn geti tileinkað sér hljóðkerfi tungumálsins verður það að hlusta. Með hlustun byggir barn upp orðaforða sinn sem m.a. er undirstaða fyrir lesskilning seinna meir. Hlustunarorðaforði þróast fyrst hjá börnum og er gjarnan stærstur, þá kemur talorðaforðinn og lestrar- og ritunarorðaforðinn í kjölfarið. Hlustun þjálfar athygli og einbeitingu en hlustun og einbeiting eru undirstaða góðrar hljóðavitundar og mikilvægir þættir í lestrarnáminu.

Lestur fyrir börn er góð leið til að efla hlustun og þjálfar einbeitingu. Hugmyndaríkur texti barnabókanna eflir hlustun þar sem hann nær vel til barnanna og fær þau til að hlusta af athygli og meta betur það sem sagt er.

### 2.2. Tal

Börn í grunnskóla verða að fá að njóta tungumálsins. Það þarf að vinna með orðaforða þeirra og gefa þeim næg tækifæri til að spjalla saman um persónulega reynslu sína. Leggja þarf áherslu á að

auka tal- og hlustunarorðaforða hjá nemendum og flytja síðan orð úr þeim orðaforða í lestrar- og ritunarorðaforðann.

Hæfileiki barns í málnotkun, það er sú færni sem það býr yfir til að segja frá, útskýra og gefa upplýsingar, hefur ein mestu áhrifin á þróun þess í lestri og ritun. Spandel (2008) segir að með tungumáli sínu riti börn í huganum frá unga aldri. Þau fá hugmyndir og segi frá þeim á lifandi og skemmtilegan hátt með tilbrigðum í röddinni. Þarna byrji ritun þeirra, ekki með pappír heldur með því að hafa eitthvað að segja.

### 2.3. Lestur

Lestur er leið lesanda að samfélaginu, leið hans til náms og til ánægjuauka. Lestur samanstendur af tveimur meginþáttum. Annars vegar af tæknilega þættinum sem felur í sér að læra bókstafina, heiti þeirra og hljóð og tengja hljóðin saman í merkingarbær orð. Hins vegar af lesskilningi sem felur í sér að ná merkingu úr lesnum texta, tengja hann við fyrri þekkingu og byggja ofan á hana. Báðir þættirnir eru jafn mikilvægir til að geta lesið sér til gagns og gamans.

#### 2.3.1. Tæknilegur þáttur lesturs

Öflug hljóðkerfisvitund er mikilvæg undirstaða lestrarnámsins og þjálfun hljóðkerfisvitundar er mikilvægur hlekkur í lestrarkennslunni. Þegar barn er orðið meðvitað um hljóðkerfið s.s. að greina setningar í orð, orð í orðhluta og atkvæði og að ríma er kominn grunnur að því að tileinka sér heiti og hljóð stafanna og tengingu hljóða.

Tæknilegur þáttur lesturs (umskráning) felur í sér að:

- Læra alla bókstafi, heiti þeirra og hljóð
- Ná valdi á að kalla hljóð fljótt fram úr minni þegar barnið sér bókstaf
- Tengja hljóðin saman til að mynda orð
- Fara að þekkja stafamynstur og orðmyndir

Hestur - prestur - mestur - frestur - gestur

Því oftast sem ákveðið orð kemur fyrir í texta og lesarinn sér það, því betur festist það í minni hans og að lokum þekkir hann orðið hratt og örugglega. Umskráning orðsins er þá orðin sjálfvirk og hugsun lesandans getur eingöngu beinst að því að skilja efnið. Mistök í umskráningu geta dregið úr lesskilningi.

#### 2.3.2. Lesskilningur

Með lesskilningi er átt við það ferli sem gerir lesaranum mögulegt að skilja textann, hugleiða og draga ályktanir. Lesskilningur getur aldrei orðið sjálfvirkur þar sem hann krefst alltaf athygli og virkrar hugsunar ef árangur á að nást. Hann krefst þess að lesarinn komi sér upp einhvers konar mynd af túlkun sinni á textanum og geymi þessa mynd í minninu. Þegar lestur er orðinn árangursríkur lýsir það sér í heildstæðri og nothæfri mynd af textanum í huganum og lesandinn getur náð í, hagrætt og nýtt sér þessa túlkun sína í hvaða aðstæðum sem er.

**Til að svo geti orðið þarf lesarinn að búa yfir:**

- Góðum orðaforða
- Bakgrunnsþekkingu

- Ályktunarhæfni
- Þekkingu á uppbyggingu málsins
- Þekkingu á uppbyggingu texta
- Vitund um eigin skilning.

Sagt er að nám frá 3. bekk og upp úr byggi á lestri til skilnings og því er mikilvægt að lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum grunnskólans sé markviss og fjölbreytt og snúi að öllum þessum þáttum.

#### 2.4. Ritun

Ritun snýst ekki aðeins um hvernig eigi að mynda texta á blaði heldur fyrst og fremst hvernig eigi að skapa merkingu með texta.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2007) segir að greina megi ritun í tvo samofna meginþætti. Þar er talað um:

- Tæknilega þætti eins og skrift, stafsetningu og uppsetningu texta.
- Efnisleg atriði eins og skipulag og málsnið.

Báðir þættirnir eru mikilvægir en sjálfvirkni í skrift hefur áhrif á færni nemenda í að færa hugsanir sínar í ritmál.

Þegar skoða á þróun ritunar hjá börnum þarf fyrst og fremst að hafa í huga tengsl ritunar við aðra þætti tungumálsins, ekki síst talað mál. Þróun tungumálsins hjá börnum er dýrmætur grunnur fyrir þróun ritunar og þegar börn fara að rita treysta þau mjög á þekkingu sína á tungumálinu og þá þekkingu sem þau hafa öðlast gegnum það. Börn eru að læra að nota tungumálið á nýjan hátt og ólíkan þeim sem þau nota í töluðu máli. Þau verða nákvæmari og tungumál þeirra verður kerfisbundnara og skipulagðara.

Tengsl lesturs og ritunar eru sterk, þessar tvær athafnir, eru víxlverkandi og athafnir sem efla þessa þætti hafa áhrif á þróun beggja. Því meira sem barnið les því breiðari verður sjóndeildarhringur þess. Reynsla lesanda hefur áhrif á lesskilning og sama gildir um ritunina, þ.e. reynsla og áhugi nemandans lita frásögn hans í ritun.

Fyrsta leið barns til að tjá hugmyndir sínar og hugsanir á blaði er í gegnum teikningu og barnaskrift. Að mynda sér hugmynd og færa hana yfir í texta er krefjandi athöfn fyrir unga nemendur og kallar á stuðning.

### 3. Stefna/leiðir Austurbæjarskóla í læsiskennslu

Lestur og ritun tengjast námi í öllum námsgreinum. Allir kennarar þurfa að leggja áherslu á að gera nemendur læsa á sína námsgrein og nota aðferðir til að auka orðaforða, mál- og lesskilning á öllum stigum grunnskólans. Með lestri góðra bókmennta öðlast nemendur aukinn skilning á nærumhverfi sínu og fá innsýn í aðra menningarheima.

Í Aðalnámskrá er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar og meginmarkmið þess er að „nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn„ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Menntastefna Reykjavíkur (2019) er einnig með læsi sem einn af fimm grundvallarþáttum stefnunnar.

Markmið læsisstefnu Austurbæjarskóla er að skólinn hlúi sem best að góðri færni allra nemenda í læsi, enda byggir annað nám á góðri lestrarfærni og leikni í að tjá sig í rituðu máli. Góð lestrarfærni stuðlar að virkri þátttöku í samfélaginu og hlutdeild í heimi upplýsingatækni. Jafnframt eykur góð lestrarkunnátta sjálfmynd nemenda og stuðlar að auknu valdi á orðaforða og betra valdi á tungumálinu. Því er mikið í húfi að vel takist til í náminu þar sem lestur er undirstaða almennrar menntunar og þess að njóta bókmennta.

Í Austurbæjarskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, áhersla er á framfarir og leiðsagnarmat, með markvissri uppbyggjandi endurgjöf. Í fyrsta bekk er unnið út frá námsefninu Lestrarlandið og bókstafir lagðir inn eins og námsefnið gerir ráð fyrir. Jafnframt er unnið með kennsluaðferðina K PALS í fyrsta bekk og PALS í 2.-6. bekk. PALS kennsluaðferðin (Peer-Assisted Learning Strategies) hefur fengið íslenska heitið Þör að læra saman. Hún er margþætt og var þróuð til að bæta lesfimi og lesskilning nemenda á yngsta- og miðstigi grunnskóla þar sem jafningjaaðstoð er lykilatriði.

Á yngsta stigi grunnskólans þarf að leggja góðan grunn að námi í lestri og ritun og nota skimanir til að finna nemendur í áhættu varðandi þessa þætti og beita snemmtækri íhlutun. Þrisvar sinnum á skólaárinu er lagður fyrir lesferill, skimunarpróf frá mms. Í kennslunni grunnfærni í lestri og ritun þannig að nemendur geti lesið einfaldan texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum ritun eða annað tjáningarform. Þá er mikilvægt að nemendur kynnist mismunandi textategundum, s.s. sögutexta, fræðitexta og ljóðum.

Á miðstigi þarf áfram að þjálfva nemendur í lestri. Þeir þurfa að læra að beita mismunandi lestrarlagi eða lestrartækni, s.s. ítarlestri, nákvæmnislestri, leitarlestri eða skimunarlestri eftir því sem við á. Það er því mikilvægt að nemendur fái þjálfun í og þekki sérkenni mismunandi textategunda. Samhliða þarf að þjálfva ritunarþáttinn og gera nemendur færa um að skrifa ólíkar tegundir texta með eigin rithönd eða í gegnum ritvinnslu.

Á unglingsstigi þurfa nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi. Þeir þurfa að geta valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun og dýpkað skilning sinn á ólíkum tegundum texta.

### 3.1 Lesfimiviðmið

Menntamálastofnun hefur sett ný viðmið í lestri fyrir alla grunnskóla landsins. Viðmiðin eru kölluð lesfimiviðmið og markmið þeirra er að stuðla að bættu læsi barna og ungmenna í íslensku skólakerfi. Viðmið um læsi eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi.

Lesfimiviðmiðin eru mæld sem rétt lesin orð á mínútu og eru sett þannig fram að þau sýna stígandi í færni nemenda frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Þrepunum er ætlað að hjálpa kennurum að staðsetja nemendur, fylgjast með framförum þeirra og tryggja þeim kennslu við hæfi.

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfímipróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
Aldur nemenda			
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

### 3.2 Lestrarmenning

Í Austurbæjarskóla er stuðlað að fjölbreyttum lestri. Nemendur eiga að lesa sem mest bæði í skólanum og heima. Markmiðið er að nemendur auki bæði leshraða og lesskilning og lesi meira en þeir eru vanir dags daglega. Nemendur eru hvattir til að lesa t.d. með yndislestri, lestrarsprettum/lestrarátökum og sumarlestri. Kennarar nýta gjarnan nestisstund til að lesa fyrir nemendur.

Til að mæta þeim áherslum sem eru í hverjum árgangi eru mismunandi leiðir notaðar. Auk þeirra eru notuð ýmis önnur lestartengd verkefni sem þjálfa og efla læsi nemenda, fjallað er um þau í kafla 4.

Lestrarþjálfun	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.- 10. bekkur
Lesið fyrir nemendur í skólanum	Alla daga	Alla daga	
Nemandi les fyrir kennara eða féлага (paralestur)	Alla daga	Alla daga	
Heimalestur	Að lágmarki 5 sinnum í viku	Að lágmarki 75 mínútur í viku	Að lágmarki 75 mínútur í viku
Frjáls lestur í skólanum (yndislestur)	Að lágmarki 3 sinnum í viku	Að lágmarki 2 sinnum í viku	Að lágmarki einu sinni í viku
Lestrarátök	Að lágmarki einu sinni á önn	Að lágmarki einu sinni á önn	Að lágmarki einu sinni á önn

### 3.3 Heimalestur – ábyrgð og hlutverk forráðamanna

Yngstu nemendurnir, sem eru að ná tókum á tæknilegri hlið lesturs, sem og eldri nemendur, sem eru að bæta sjálfvirkni sína í lestri og efla lesskilning, þurfa mikla æfingu. Sú æfing þarf að vera samvinna heimilis og skóla og má í eftirfarandi töflu sjá viðmið skólans fyrir lágmarks lestrarþjálfun nemenda.

Með örvandi málumhverfi og stuðning við markmið skólans ná börnin frekar árangri. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við börn sem eiga við lestrarörðugleika að etja en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni og áður en þau fóru í frí.

Í Austurbæjarskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í 10-15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrarstundina.

### **Ráð til foreldra**

- Byggja upp sjálfstraust og finna sterkar hliðar barnsins og leggja áherslu á þær
- Hrósa þegar tilefni gefst til og stuðla að því að læsinnám barna verði árangursríkt og gefandi
- Láta barnið lesa á hverjum degi
- Velja lesefni við hæfi, alls ekki of þungt í byrjun
- Taka tíma og skrá niður og leyfa barninu að fylgjast með framförunum
- Lesa fyrir barnið og ræða innihald textans
- Nota tölvuforrit svo sem Krakkasíður á mms.is
- Lesa til skiptis við barnið
- Láta barnið endurtaka lesturinn eða láta það hafa texta með mikilli endurtekningu
- Öll ritun í tengslum við lestur eykur lestrarargetuna
- Tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni og vera læsisfyrirmyndir barnanna.

### **Ef grunur leikur á að barn sé með lestrarerfiðleika**

- Er best að byrja á að tala við umsjónarkennara sem þá hefur samband við sérkennara um frekari athugun
- Foreldrar geta einnig leitað beint til sérkennara
- Að athugun lokinni eru foreldrar kallaðir á fund sérkennara ásamt umsjónarkennara þar sem niðurstöður og tillögur að námsfyrirkomulagi eru kynntar og farið yfir möguleika á samvinnu og hvernig best sé að styðja við lestrarnám barnsins

#### **3.3.1 Heimanám nemenda með annað móðurmál en íslensku**

Erfitt getur verið fyrir foreldra sem hafa annað móðurmál en íslensku að aðstoða börn sín við heimalestur. Skólinn hefur því boðið upp á aðstoð fyrir þessa nemendur sem felst í að þeir eru einni kennslustund lengur í skólanum ákveðna daga í viku og fá þar aðstoð með heimalestur og orðaskrift. Nemendur í 1.-4. bekk koma í heimanámið að lágmarki tvisvar í viku.

### 3.4 Áherslur eftir árgöngum

Eftirfarandi tafla nær yfir aðferðir sem hafðar eru að leiðarljósi í lestrarnáminu eftir árgöngum.

Kennsluaðferðir	1.bekkur	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
K-Pals										
Pals										
Yndislestur										

Í kafla 3.4.1 má sjá nánari útskýringar á þeim kennsluaðferðum sem koma fram í töflunni.

#### 3.4.1 PALS

Lestrarkennsluaðferð PALS fellur vel að kennsluaðferðum Byrjendalæsis. PALS stendur fyrir *Peer Assisted Learning Strategies* og hefur fengið íslenska heitið *Pör Að Læra Saman*. PALS er lestrarkennsluaðferð þar sem nemendur vinna saman í pörum og fara samskipti nemenda fram eftir ákveðnu ferli. Þörin skiptast á að vera þjálfarar og lesarar og hafa ákveðnum hlutverkum að gegna. Nemendur læra aðferðir til að leiðrétta og hrósa. Þeir fá umbun fyrir frammistöðu sína í formi stiga sem safnað er saman á stigablað. Í PALS er lögð áhersla á lestrarfærni og lesskilning. PALS kennslustund skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Nemendur fá stig fyrir hverja lesna málsgrein og einnig fyrir endursögn. Nemendur geta einnig fengið bónusstig frá kennara ef þeim gengur vel. Í PALS kennslustundum fá nemendur góða lestrarþjálfun þar sem allir eru virkir allan tímann, nemendur fá leiðréttingu frá lestrarfélögum sínum jafnóðum og sama einfalda ferlið endurtekur sig stöðugt.

#### 3.4.2 Yndislestur

Yndislestrarstund er lestrarstund þar sem allir nemendur eru að lesa bók að eigin vali sér til skemmtunar. Yndislestur skal vera að lágmarki þrisvar í viku í 1.- 4.bekk, tvisvar í viku í miðdeild og að minnsta kosti einu sinni í viku í unglingadeild. Kennarar skipuleggja hvaða tími dags er nýttur til yndislesturs.

#### Yngsta- og miðstig (1. til 7. bekkur)

Meðan nemendur lesa gengur kennari á milli þeirra, sýnir áhuga á lestrinum og vali á lesefni. Hann spyr og ræðir við nemendur um lesefnið t.d. heiti, textategund (sögu- eða fræðibók), höfund, persónur, umhverfi og/eða annað sem við á. Markmið með þessu er að efla áhuga nemenda á lestri, hvetja þá til að lesa bók við hæfi og gera þá meðvitaða um lesefnið.

## 4. Lestrartengd verkefni

Lestrartengd verkefni eru mikilvæg til viðbótar þeim kennsluaðferðum sem fram koma í kafla 3. Slík verkefni geta bæði birst sem stutt lestrarátak/sprettur sem sett eru á laggirnar á mismunandi tímabilum í ákveðinn tíma í senn, en einnig geta þau birst í læsishvetjandi námsumhverfi.

Eftirfarandi eru verkefni sem hafa fest sig í sessi í Austurbæjarskóla.

Árgangur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Lestraráttak										

Litla upplestrarkeppnin										
Stóra upplestrarkeppnin										
Skólabókasafn										

#### 4.1. Læsishvetjandi umhverfi

Lestur er undirstaða alls náms og því mikilvægt að námsumhverfi barnanna sé notalegt og hvetji til lesturs og ritunar. Æskilegt er að hafa bækur aðgengilegar og þannig framsettar að þær vekji forvitni og áhuga nemenda. Mikilvægt er að skipta reglulega um bækur og huga vel að vali þeirra. Þær þurfa að henta viðkomandi aldri, vera fjölbreyttar s.s. sögubækur, teiknimyndasögur, ljóðabækur og fræðibækur svo nemendur kynnist mismunandi textategundum. Einnig er mikilvægt að gögn til ritunar s.s. skriffæri og blöð séu aðgengileg fyrir nemendur og ritunarverkefni þeirra séu sýnileg á kennslusvæðinu. Þá þurfa að vera tölvur á hverju kennslusvæði sem nemendur nýta sér m.a. við lestur, hlustun og ritun.

Í yngri bekkjum þarf stafrófið að vera uppi á vegg. Einnig er mikilvægt að hafa, lykilorð, ýmis algeng orð, höfundavegg, dagskrá dagsins og stundatöflu vikunnar sýnilega á kennslusvæðinu. Merkja má ýmsa hluti á svæði til að ýta undir lestrarfærni og til að auðvelda nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku. Markmið þurfa að vera vel kynnt hverju sinni og sýnileg nemendum.

Mikilvægt er að nemendur séu ávallt með lestrarbækur sem hæfa lestrarfærni þeirra. Heimalestrarbækur nemenda eru því flokkaðar eftir ákveðinni þyngdarröð. Umsjónarkennari heldur utan um röð lestrarbóka hjá hverjum nemanda samkvæmt ákveðnu skipulagi. Eftir því sem lestrarfærni nemanda eykst fær hann aukið val um lesefni.

#### 4.2. Skólabókasafn

Markmið skólasafnsins er þrjúþætt:

- Kenna nemendum að finna, nota, velja og framleiða ýmis gögn og heimildir.
- Örva lestur.
- Tryggja auðveldan aðgang að safnkosti.

Safnkostur skólasafnsins er mikill miðað við skólasöfn í grunnskóla enda saga skólans löng á íslenskan mælikvarða. Í skólanum er sterk lestrarhefð og lengi hafa nemendur verið hvattir til að hafa „skúffubók“ að grípa til, í stofunni sinni og eins að vera duglegir að fá bækur að láni heim. Allir nemendur í 1.-6. bekk koma vikulega á bókasafnið í upplýsingatækni. Í tímum er lögð áhersla á að efla frjálsan lestur og þegar líður á skólagönguna gera allir nemar sögugreiningar þar sem þeir greina í stuttu máli frá efni og innihaldi bókana sem þeir lesa. Einnig fara fram kynningar og umræður um nýlesnar bækur. Í tímum er rætt um tilgang lestrar og þegar nemendur heyra að rannsóknir sýni fram á að lestur sé auðveld leið til að bæta námsárangur leggja flestir við hlustir. Nemendur í 8, 9. og 10. bekk eru ekki í föstum tímum en þeir koma í lestrarviðtöl einu sinni í mánuði og skila inn sögugreiningum. Nemendur í 7. bekk koma í bókaklúbba. Safnkennslan felst m.a. í að

nemendur eru þjálfaðir í upplýsingaleit og heimildavinnu. Yngstu nemendurnir fá sögustundir við sitt hæfi. Meðal viðfangsefna í bókasafnstímum hinna ýmsu árganga er t.d. heimilda- og bókmenntaritgerðasmíði og bókagerð.

#### 4.2.1 Drekaklúbbur

Á skólasafninu er starfræktur drekaklúbbur fyrir nemendur í 2.-7. bekk. Í klúbbnum geta nemendur unnið sig upp í að verða drekameistarar af fyrstu, annarri eða þriðju gráðu eftir að hafa lesið ákveðinn fjölda bóka sem eiga það sameiginlegt að tengjast drekum.

Þrír listar hafa verið útbúnir, einn fyrir hverja drekagráðu. Nemendur nálgast listann á skólasafninu og merkja við (með drekablýanti sem er aðeins notaður af meðlimum drekaklúbbsins) þær bækur sem þeir hafa lesið. Þegar nemendur hafa lokið við allar bækurnar á listanum hljóta þeir viðeigandi drekameistaratitil og fá viðurkenningarskjal.

#### 4.2.2 Lestrarhátíð í október

Það er afar mikilvægt að koma nemendum við upphaf skólaárs sem fyrst vel af stað í lestri og þess vegna höfum við árlega lestrarhátíð í skólanum, í október. Þetta fellur vel að lestrarhátíð sem haldin hefur verið í Reykjavík, Bókmenntaborg UNESCO í októbermánuði, ár hvert frá 2012.

Hátíðin er hugsuð fyrir 1.-7. bekk en að auki bjóðum við þeim nemendum sem það vilja, í 8.-10. bekk að vera með. Það er hvetjandi og skemmtilegt að vera með eitthvað sjónrænt tengt lestri í skólanum þegar lestrarhátíð stendur yfir í borginni og hefur myndmenntakennari ásamt nemendum í myndmennt aðstoðað við þema hvers árs. Við höfum verið með lestrartré, bókakili í hillum, lestrardreka, lestrarfiðrildi, skóför sem tóku lestrarsprett og lestrardropa. Nemendur skrá októberlesturinn á mismunandi lit blöð, eftir árgöngum og allir bekkir fá viðurkenningu að lestrarhátíð lokinni.

Við hugsum þetta sem samvinnuverkefni, þ.e. að fylla skólann af því sem tengist lestrarhátíðinni hverju sinni en ekki keppni á milli bekkja eða árganga í að finna út hver sé bestur. Auðvitað geta bekkir samt slegið eigið met frá því í fyrra, þ.e. borið lesturinn saman við lestur árgangsins árið áður.

#### 4.2.3 Nestislesning

Í Austurbæjarskóla hefur alla tíð verið lögð áhersla á að lesa fyrir nemendur í nestistímum. Á bókasafninu er listi yfir bækur sem hægt er að velja úr, flokkaður eftir árgöngum.

#### 4.2.4 Norræna bókasafnsvikan

Norræna bókasafnsvikan er verkefni á vegum Sambands norrænu félaganna sem leitast við að efla lestrargleði og breiða út norrænar bókmenntir á Norðurlöndunum og nágrenni.

Árlega er texti úr norrænni barnabók valinn til að lesa upp á bókasöfnum og skólum fyrir börn á Norðurlöndum. Við tökum þátt í upplestrinum auk þess sem við stillum upp og kynnum bækur eftir norræna rithöfunda.

#### 4.2.5 Bókaverðlaun barnanna

Árlega tilnefna börn á aldrinum 6 - 15 ára bestu barnabækur ársins. Tilnefningarnar fara fram á heimasíðu Borgarbókasafnsins og í grunnskólum og bókasöfnum um allt land. Þær tvær bækur sem fá flest atkvæði hljóta Bókaverðlaun barnanna, önnur frumsamin á íslensku og hin þýdd. Höfundur íslensku bókarinnar og þýðandi hinnar taka við verðlaununum á sumardaginn fyrsta. Við tökum alltaf þátt og hafa nemendur okkar unnið þátttökuverðlaun.

#### 4.2.6 Ævarsátak

Á vorönn tökum við þátt í Lestrarátaki Ævars vísindamanns. Fyrir hverjar þrjár bækur sem krakkarnir lesa á tímabilinu frá 1. janúar - 1. mars fylla nemendur út lestrarmiða (hægt að fá á bókasafninu eða á heimasíðu Ævars vísindamanns) og setja í kassann á skólabókasafninu.

Reglurnar eru þessar:

- Það má lesa hvaða bók sem er.
- Á hvaða tungumáli sem er.
- Hljóðbækur teljast með.
- Allir krakkar í 1. - 7. bekk mega taka þátt (valfrjálst).

Í mars er dregið úr öllum innsendum lestrarmiðum og fá fimm krakkar í verðlaun að vera persónur í æsispennandi bók eftir Ævar vísindamann.

#### 4.2.7 Ibbý-sagan að vori

IBBY á Íslandi býður árlega til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl (fæðingardagur H.C. Andersen). Á hverju ári er íslenskur rithöfundur fenginn til að semja smásögu ætlaða nemendum á öllum stigum grunnskólans. Sagan er flutt í útvarpi og er hugmyndin er sú að 40.000 grunnskólanemar hlusti á frumflutning sögunnar samtímis, óháð því hvar þeir eru staddir á landinu eða hvaða kennslustund þeir sitja þá stundina. Í Austurbæjarskóla leggjum við áherslu á að helst allir nemendur hlusti á upplesturinn í útvarpinu, í þeim tímum sem þeir eru staddir í hverju sinni. Sagan er trúnaðarmál fram að flutningsdegi en kennarar fá hana senda fyrir flutning.

#### 4.2.8 Sögustundir í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk koma vikulega í sögustundir á skólasafnið. Eftir lesturinn eru umræður um lestrarefnið og nemendur vinna verkefni, t.d. litlar sögustundabækur þar sem þau teikna myndir við bækurnar sem verið er að lesa hverju sinni.

#### 4.2.9 Þjóðsögugormabók í 2. bekk

Í 2. bekk er fjallað um þjóðsögur í bókasafnstímum. Eftir innlögn myndskreyta nemendur þjóðsögu og búa til gormabók.

#### 4.2.10 Bókagerð í 3. bekk

Á vorönn árlega feta nemendur í fótspor rithöfunda, skrifa bók og „gefa út“ á bókasafninu. Nemendur semja sögu, slá inn í tölvu, myndskreyta kápu og gera kjalmíða. Bækurnar fara á sýningu á safninu áður en nemendur taka bækurnar sínar með heim.

#### 4.2.11 Skólabók í 4. bekk

Nemendur búa saman til bókina „Skólinn minn“. Nemendur draga um efni sem tengist skólalaldi Austurbæjarskóla (íslenska, stærðfræði, frímínútur o.s.frv.), skrifa um efnið í tölvu og myndskreyta.

#### 4.2.12 Safnkynning á Borgarbókasafni : 4. bekkir

Árlega er farið með fjórðu bekkina á Borgarbókasafnið í safnkynningu. Þar kynnast þau okkar almenningsbókasafni, eða Menningarhúsinu í Grófinni, og þeir sem ekki eiga, fá útlánskort. Krakkarnir eru hvattir til að vera dugleg að sækja Borgarbókasafnið heim og fá að láni bækur, það styður vel við lestrarnámið.

#### 4.2.13 Bókmenntaverkefni í 5. bekk

Nemendur velja sér bók að lesa og skrifa ritdóm í tölvu. Þeir gefa bókinni „stjörnur“ eða önnur tákni, teikna mynd og setja upp forsiðu. Nemendur kynna bókmenntaritgerðir sínar og taka um leið upp bókmenntaþátt á bókasafninu.

#### 4.2.14 Bókaklúbbar í 7. bekk

Nemendum í 7. bekk er skipt upp í tólf manna hópa og kemur hver hópur sex sinnum í röð á safnið, í eina kennslustund. Nemendur vinna saman í sex manna hópum og eru tveir bókaklúbbar keyrðir í einu. Meðlimir hvors hóps um sig fá allir sömu bókina til að lesa. Nemendur lesa ákveðinn blaðsíðufjölda fyrir tímana. Í bókasafnstímum fara fram umræður um það sem lesið var hverju sinni. Hver nemandi fær blað til að skrifa niður hugleiðingar sínar um leið og umræður fara fram með kennara og nemendunum í hópnum. Tilgangurinn með þessu verkefni er að lesa, skilja og rökræða um bækurnar og efni þeirra.

#### 4.2.15 Fyrirlestur fyrir 8. bekk um mikilvægi lesturs

Árlega sitja nemendur í 8. bekk fyrirlestur um lestur. Þar er tekið á ýmsu sem tengist lestri, s.s. að finna rétta lesefnið, fimm-fingra prófið o.fl. Bent er á að lestur eflir málþroska og orðaforða, er fræðandi og eykur skilning á fjölbreytileika lífsins. Sérstök áhersla er lögð á að lestur auðveldi nám og auki árangur í námi. Einnig að það sé nauðsynlegt að kunna að lesa til að taka þátt í samfélaginu sem við búum í.

Dæmi um efni á glæru:

- Þegar nemendur sökkva sér niður í texta eða orð lærist orðaforði. Þess vegna þurfa allir að lesa fjölbreytt efni. Í smíðastofunni lærum við orð eins og hefla, fræsa, saumur, bor o.s.frv. Á fótboltavellinum lærum við orð eins og horn, fríspark, rangstaða o.s.frv.
- Lestur er langmikilvægasta uppspretta orðaforða því orðaforðinn er miklu fjölbreyttari í rituðu máli en talmáli.
- Því meiri orðaforða sem fólk hefur því auðveldara á það með að læra ný orð.
- Vegna þess að orðaforði er meginundirstaða lesskilnings og færni í ritun þá skiptir það sköpun fyrir velgengni í skóla og þátttöku í þekkingarsamfélagi nútímans. Vald á tungumáli er mikilvægasti þátturinn í velgengni okkar í vestrænni menningu.

#### 4.2.16 Lestrarviðtöl í unglingadeild

Nemendur í 8, 9. og 10. bekk koma í lestrarviðtöl einu sinni í mánuði og skila inn sögugreiningum í möppu á bókasafninu. Í Mentor eru settar inn lotur og í lok viðtals er árangur lesturs metinn (heimanámi lokið eða ólokið). Heimanám nemenda í unglingadeild er að lesa í 15 mín. minnst daglega. Þegar lokið hefur verið við hverja bók á nemandinn að fylla út sérstakt sögugreiningarblað.

#### 4.2.17 Öskudagur

Nemendum í 2., 3. og 4. bekk er boðið í heimsókn á skólasafnið á öskudag að leysa krossgátur og bókmenntatengdar þrautir

#### 4.2.18 Upplestur og bókasjall rithöfunda

Bókasafnið hefur boðið upp á rithöfundaupplestra. Það er góð leið til að glæða áhuga nemenda á lestri. Oft hafa þessar kynningar farið fram fyrir jólin. Höfundar hafa ýmist lesið upp á bókasafninu eða í bíósalnum. Við notum tækifærið og stillum gjarnan út bókum eftir þá rithöfunda sem koma í heimsókn.

### 4.3. Litla upplestrarkeppnin

